

Ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2001-2007



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson og Frank Bradford

Forsíðumynd (RG): Við Drekgil hjá Öskju.

Ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2001-2007



Frá höfninni á Kópaskeri.

Ljósmynd: Frank Bradford



Unnið fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga

Febrúar 2008

Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF
Tæknigarði, Dunhaga 5,
107 Reykjavík

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	1
1.0 Inngangur	4
1.1 Kannanir sem stuðst er við	4
1.2 Úrvinnsla	5
1.3 Markmið og hagnýting	6
2.0 Ferðamenn á Íslandi	7
2.1 Erlendir ferðamenn 2007	7
2.2 Innlendir ferðamenn 2005	7
2.3 Að öllu samanlögðu	9
3.0 Innlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum	10
3.1 Fjöldi gesta, heimsóknna og gistingu 2001-2005	10
3.2 Nánar um innlenda gesti 2005	14
4.0 Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum	17
4.1 Þróunin 2003-2007	17
4.2 Fjöldi gesta og gistingu 2007	20
5.0 Ímynd Norðurlands 2006 - Þingeyjarsýslur	25
5.1 Efst í huga varðandi Norðurland	25
5.2 Eftirminnilegustu staðir á Norðurlandi	27
5.3 Best á Norðurlandi	29
5.4 Verst á Norðurlandi	30

Helstu niðurstöður

Ferðamenn á Íslandi

Árið 2007 komu rúmlega 530 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands; 460 þúsund með flugi, nær 60 þúsund með skemmtiferðaskipum og 12 þúsund með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar. Gjaldeyristekjur af þessum ferðamönnum voru líklega 52-54 milljarðar króna, þar af 36-38 milljarðar vegna útgjalda ferðamanna innanlands en 16-18 milljarðar vegna fargjalda.

Samkvæmt stöðugum könnunum RRF meðal erlendra ferðamanna má áætla að þeir hafi dvalið um 3,5 milljónir náttu á Íslandi árið 2007, um 2,3 milljónir náttu yfir sumarmánuðina þrjá en 1,2 milljónir náttu á öðrum tímum ársins.

Samkvæmt könnunum má áætla að gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands hafi vart verið undir 4,5 milljónum árið 2007 og útgjöld 22-25 milljarðar króna.

Alls eru gistinætur erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi áætlaðar um 8 milljónir talsins árið 2007 og útgjöld þeirra á ferðalögum innanlands nálægt 60 milljörðum króna.

Innlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt könnunum RRF komu 32% Íslendinga í Þingeyjarsýslur árið 2001, 33% árið 2002, 36% árið 2003, 34% 2004 og 35% 2005. 14-16% Íslendinga í könnununum gistu í Þingeyjarsýslum á þessu árabili.

Samkvæmt þessu er áætlað að 95 þúsund Íslendingar hafi haft viðkomu í Þingeyjarsýslum árið 2005, um 62 þúsund í Mývatnssveit, 52 þúsund á Húsavík, 33 þúsund hafi skoðað Goðafoss og að 30 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína í Ásbyrgi. Þá hafi um 22 þúsund landsmenn skoðað Dettifoss árið 2005, en 10-14 þúsund komið í hvert þorpanna á norðaustur svæðinu; Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörð. Þá er áætlað að um 8 þúsund Íslendingar hafi komið að Öskju árið 2005.

Jafnframt er áætlað að 39 þúsund Íslendingar hafi gist í Þingeyjarsýslum árið 2005 í nær 190 þúsund gistinætur, séu nætur á hálendi svæðisins meðtaldar. Miðað við það hefur gistinóttum Íslendinga í Þingeyjarsýslum ekki fjölgað frá árinu 2001 þrátt fyrir að innlendum ferðamönnum þar hafi fjölgað nokkuð. Það skýrist af því að dvalarlengd innlendra næturgesta stýttist úr 5,1 nótt árið 2001 í 4,5 nætur árið 2005. Jafnframt er vitað að veðurfar hefur meiri áhrif á ferðir Íslendinga en erlendra ferðamanna.

Samkvæmt könnunum RRF fjölgaði þeim Íslendingum umtalsvert sem lögðu leið sína um norðausturhluta svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði, úr rúmlega 6% árið 2001 (16 þúsund) í um 10% árið 2005 (27 þúsund). Þannig fóru 29% Íslendinga sem heimsóttu Þingeyjarsýslur árið 2005 eitthvað um norðausturhlutann en það hlutfall var 20% árið 2001.

Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt könnunum RRF komu 50-55% erlendra sumarferðamanna eitthvað í Þingeyjarsýslur árin 2003 til 2007. Þá benda kannanir til þess að rúmlega 7% erlendra ferðamanna utan sumarmánaðanna þriggja árið 2004 hafi komið í Þingeyjarsýslur en um 10% erlendra gesta utan sumartíma árið 2007. Að jafnaði gista 55-70% komugesta í Þingeyjarsýslum en 30-45% eru dagsgestir.

Yfir helmingur ferðamanna til Íslands í júlí og ágúst 2007 komu í Þingeyjarsýslur, nær 40% ferðamanna í júní og ríflega fjórðungur ferðamanna í september. Þá komu 14% erlendra ferðamanna í maí í Þingeyjarsýslur, 6% gesta í apríl og október en einungis 1-3% ferðamanna í janúar, febrúar, mars, nóvember og desember.

Áætlað er að um 139 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Þingeyjarsýslur árið 2007, sem er 25% fjölgun frá mælingum árið 2004. Þar af hafi um 95 þúsund gist. Hér við bætast svo gestir með skemmtiferðaskipum, líklega nálægt 30 þúsund sumarið 2007. Alls komu því líklega um 170 þúsund erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslur árið 2007, um 84% þeirra að sumarlagi en 14% utan sumars.

Jafnframt er áætlað að gistinætur erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum hafi verið 237 þúsund árið 2007, þar af 210 þúsund að sumarlagi en 27 þúsund utan sumars og hafi fjölgað um 27% frá 2004, mun meira utan sumars en að sumri. Þetta þýðir með öðrum orðum að gistinætur erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum árið 2007 voru um 7% af öllum gistinóttum erlendra ferðamanna á Íslandi það ár; um 9% af öllum gistinóttum þeirra að sumarlagi en 2,5 af gistinóttum erlendra ferðamann á Íslandi utan sumartíma. Það er því augljóslega eitt meginverkefnið í þróun ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum að lengja ferðamannatímann og stuðla að aukinni vetrarferðamennsku.

Áætlað er að 122 þúsund erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju árið 2007 hafi komið í Mývatnssveit. Jafnframt að 96 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið til Húsavíkur, 95 að Dettifossi, 53 þúsund í Ásbyrgi, 20 þúsund að Öskju og 6-9 þúsund hafi heimsótt þéttbýlisstaðina á norðausturhorninu. Að Mývatni má svo bæta við farþegum með skemmtiferðaskipum, s.s. 20-30 þúsund manns, og einnig umtalsverðum fjölda slíkra gesta til Húsavíkur og í Ásbyrgi.

Ferðamenn frá Mið-og Suður Evrópu (einkum frá Þýskalandi, Sviss, Frakklandi, Ítalíu og Spáni) standa fyrir um helmingi af öllum gistinóttum erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum. Hins vegar eru einungis 5% af gistinóttunum á vegum ferðamanna frá Norður-Ameríku og 8% meðal ferðamanna frá Norðurlöndunum.

Allir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

Að öllu samanlögðu má áætla að um 270 þúsund ferðamenn hafi komið í Þingeyjarsýslur árið 2007, þar af um 170 þúsund erlendir ferðamenn og 100 þúsund Íslendingar. (Þó má gera ráð fyrir að heimsóknir Íslendinga á svæðið hafi verið nálægt 300 þúsund, þar sem þeir koma þangað margir í nokkur skipti á ári).

Þá er áætlað að 135 þúsund ferðamenn hafi gisti í Þingeyjarsýslum árið 2007, þar af um 95 þúsund erlendir ferðamenn og a.m.k. 40 þúsund Íslendingar.

Heildarfjöldi gistinguferðamanna í Þingeyjarsýslum árið 2007 er áætlaður um 440 þúsund nætur, þar af nálægt 240 þúsund meðal erlendra ferðamanna og um 200 þúsund nætur meðal Íslendinga.¹

Þá er áætlað að um 185 þúsund ferðamenn hafi komið í Mývatnssveit árið 2007, um 150 þúsund til Húsavíkur, 117 þúsund að Dettifossi, 83 þúsund í Ásbyrgi og 15 til 23 þúsund á hvern af þéttbýlisstöðunum á norðvesturhorninu, fæstir að Bakkafirði. Þá er áætlað að 27-28 þúsund manns hafi komið að Öskju árið 2007. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir.

Þá er áætlað að 42 þúsund ferðamenn hafi lagt leið sína á norðaustursvæðið, frá Kópaskeri að Bakkafirði, árið 2007.

Ímynd Norðurlands 2006 - Þingeyjarsýslur

Efst í huga varðandi Norðurland

Þegar spurt var hvað erlendum ferðamönnum sem höfðu heimsótt Norðurland sumarið 2006 væri efst í huga varðandi landshlutann nefndu flestir hvali (26%) en síðan Mývatn (21%), náttúruna (17%), Akureyri (10%), firði/flóa (10%), eldfjöll/hraun (9%) og fjöll (8%). Það er mjög athyglisverð niðurstaða að hvalir séu nú ofar í hugum erlendra sumargesta en Mývatn þegar þeir hugsa til Norðurlands og ótvírætt saga til næsta bæjar.

Eftirminnilegustu staðir á Norðurlandi

Af einstökum stöðum á Norðurlandi þótti flestum erlendum gestum þar Mývatn vera á „topp þremur“ sem eftirminnilegasti staðurinn (69%), síðan Akureyri (43%), Húsavík (41%) og Dettifoss (30%) en síðan komu Krafla (9%) og Ásbyrgi (7%).

Best á Norðurlandi

Áberandi flestir af erlendum gestum Norðurlands sumarið 2006 nefndu að náttúran/landslagið hefði verið það besta við landshlutann (43%) en síðan kom hvalaskoðun (15%), Mývatn (11%), eldfjöll/hraun (9%), vingjarnlegt fólk (9%), gott veður (7%) og Dettifoss (6%).

Verst á Norðurlandi

Einungis rúmlega þriðjungur þeirra sem höfðu verið á Norðurlandi sumarið 2006 nefndu hvað þeim hefði þótt verst við heimsóknina þangað. Flestir þeirra nefndu að veðrið hefði verið leiðinlegt (36%) en því næst komu slæmir vegir (16%) og hátt verðlag (11%), mýflugur (5%) og veitingar (5%).

¹. Þær áætlanir sem hér eru settar fram um Íslendinga, gistinguferðamanna í Þingeyjarsýslum og komur að stöðum þar árið 2007 eru byggðar á reynslutölum úr símakönnunum RRF um ferðavenjur Íslendinga á árabílinu 2001 til 2005.

1.0 Inngangur

Þessi samantekt er unnin fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Beðið var um úrvinnslu á upplýsingum úr gagnagrunni RRF um komur innlendra og erlendra ferðamanna og gistinætur þeirra í Þingeyjarsýslum, allt fram til ársins 2007 meðal erlendra ferðamanna en til 2005 meðal Íslendinga. Einnig var sérstaklega beðið um að skoða komur ferðamanna á norðausturhluta svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði. Jafnframt var óskað eftir að þróun síðustu ára í þessum efnum yrði metin út frá talnagögnum RRF.

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Þær niðurstöður um innlenda og erlenda ferðamenn í Þingeyjarsýslum sem kynntar eru í þessari greinargerð byggja á neðangreindum könnunum sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) hafa framkvæmt á árabílinu 2001 til 2007.

Símakannanir RRF um ferðir Íslendinga innanlands

Símakannanir RRF um ferðavenjur Íslendinga voru framkvæmdar á fyrstu mánuðum áráanna 2001 til 2005. Áður hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðunum fyrir árin 2001 til 2003. Í öllum tilvikum hefur verið spurt um ferðir Íslendinga innanlands árið á undan. Úrtak í hvert skipti er 1200 manns á aldrinum 18-75 ára, slembiúrtak úr þjóðskrá. Svörun var 67-72% eftir árum. Í könnunum hefur m.a. verið spurt hvort og hve oft viðkomandi komu í Þingeyjarsýslur. Einnig hvort þeir gistu í Þingeyjarsýslum og þá hve margar nætur. Jafnframt hefur verið spurt um komur Íslendinga á alla helstu þéttbýlisstaði í Þingeyjarsýslum þessi ár, þ.e. að Húsavík, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörð. Auk þess komur að Ásbyrgi og Dettifossi.

Í þessari greinargerð verður einkum stuðst við síðustu könnunina, ferðir Íslendinga árið 2005, en niðurstöður hennar bornar saman við ferðir Íslendinga árin þar á undan eftir því sem við á.

Dear Visitors kannanir RRF meðal erlendra ferðamanna

1. Könnunin *Dear Visitors* 2003 stóð frá júní og fram í byrjun september 2003 og var framkvæmd í Leifsstöð og meðal Norrænufarþega á Seyðisfirði. Svöruðu 1.794 erlendir ferðamenn könnuninni. Þar var m.a. spurt um komur fólks og gistinætur í Þingeyjarsýslum, auk þess sem spurt var um komur fólks á alla þéttbýlisstaði í Þingeyjarsýslum sem og að Ásbyrgi, Dettifossi og Öskju.
2. Könnunin *Dear Visitors* hefur síðan staðið óslitið frá janúar 2004 og er stöðugt í gangi. Árlega taka 5 til 6 þúsund erlendir ferðamenn þátt í henni í Leifsstöð en einnig á Seyðisfirði að sumarlagi. Þar er ávallt spurt um komur og gistingar ferðamanna í Þingeyjarsýslum og heimsóknir á helstu staði þar.

Í þessari greinargerð verður einkum stuðst við nýjustu upplýsingar, þ.e. *Dear Visitors* 2007, um ferðir útlendinga um Þingeyjarsýslur árið 2007. Niðurstöðurnar verða síðan bornar saman við niðurstöður fyrri kannana, einkum þróunina frá 2004 til 2006.

Sérkönnun sumarið 2006 - ímynd Norðurlands o.fl.

5. kafli greinargerðarinnar byggir á niðurstöðum úr könnun sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) framkvæmdi fyrir matvæla- og ferðaþjónustuklasa Vaxtar-samnings Eyjafjarðar meðal erlendra ferðamanna, frá júní til ágúst 2006. Könnunin var gerð meðal brottfararfarþega í Leifsstöð og á Seyðisfirði sem liður í stærri könnun RRF, *Dear Visitors sumarið 2006*. Könnunin var á sex tungumálum: norsku, ensku, þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku. Alls svöruðu 842 ferðamenn könnuninni á þessu tímabili, um 83% þeirra sem fengu hana í hendur og gild svör voru 823.² Þar var m.a. spurt um ímynd Norðurlands.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru Íslendingar sem þátt tóku í símakönnunum og heimsóttu Þingeyjarsýslur og staði þar fyrst skoðaðir sem heild en síðan m.t.t. kyns, aldurshópa og búsetu (suðvesturhornið annars vegar og landsbyggðin hins vegar). Á sama hátt er unnið úr niðurstöðum meðal erlendra ferðamanna sem þátt tóku í *Dear Visitors 2007* og komu á þessa sömu staði og niðurstaðan borin saman við talnagögn úr fyrri könnunum RRF.

Erlendir ferðamenn eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir sem falla utan þeirra svæða eru hafðir saman.

1. tafla

Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland, N-Írland og Írska lýðveldið. ³
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland og eyjar á Mið-jarðarhafi.
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitor sumarið 2007* er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands á tímabilinu júní til ágúst 2007 en þeir voru um 230 þúsund talsins.

². Þar af voru 740 ferðamenn með flugi en 83 með ferjunni Norrænu.

³. Írska lýðveldið tilheyrir að sjálfsögðu ekki Bretum en er til einföldunar sett í þennan flokk þar sem það er á sama markaðssvæði.

Í símakönnunum er þýðið hins vegar allir Íslendingar á aldrinum 18-75 ára, rúmlega 190 þúsund manns. Í 2. töflu má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

2. tafla Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
300	2,5	3,4	4,0	4,5	4,9	5,2	5,5	5,7
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
500	1,9	2,6	3,1	3,5	3,9	4,1	4,3	4,4
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
700	1,7	2,3	2,7	3,1	3,4	3,5	3,8	4,0
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Sem dæmi má taka ef 95% eða 5% svarenda í *Dear Visitors 2007* sumarið voru á ákveðinni skoðun þá verður frávikið frá gefnu hlutfalli $\pm 1\%$ miðað við 2000 svarendur. Ef 50% eru á ákveðinni skoðun verður frávikið hins vegar $\pm 2,2\%$. Aftur á móti er nærri lagi að miða við um 800 svarendur þegar niðurstöður í símakönnunum meðal Íslendinga eru til umfjöllunar og þar geta fráviksmörkin verið frá $\pm 1,6\%$ til $\pm 3,7\%$.

1.3 Markmið og hagnýting

Markmiðið með þessari greinargerð er að nýta niðurstöður kannana RRF til að áætla fjölda innlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum, tíðni heimsóknna þeirra og gistinætur árið 2005, samanborið við árin 2001 til 2004. Jafnframt verður fjöldi innlendra ferðamanna á norðausturhluta svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði, áætlaður sérstaklega.

Á sama hátt verður fjöldi erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum, gistinætur þeirra og fjöldi erlendra ferðamanna á norðausturhluta svæðisins áætlaður árið 2007, miðað við niðurstöður *Dear Visitors 2007*. Jafnframt verður reynt að rýna í þróun á fjölda erlendra ferðamanna og gistinætur þeirra í Þingeyjarsýslum allt frá árinu 1996 og þar stuðst við fyrri kannanir RRF.

Niðurstöðurnar eiga að nýtast vel til að meta stöðu Þingeyjarsýslna í innlendra ferðaþjónustu og leggja grunn að markvissri stefnumótun og árangursmælingum. Þær eru auk þess grunnur til að mæla breytingar í hlutdeild svæðisins í þessari sívaxandi atvinnugrein þjóðarinnar. Þar eiga Þingeyjarsýslur svo sannarlega mörg sóknarfæri allan ársins hring eins og er að sanna sig.

2.0 Ferðamenn á Íslandi

2.1 Erlendir ferðamenn 2007

Árið 2007 komu rúmlega 530 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands; 460 þúsund (86%) með flugi, nær 60 þúsund (12%) með skemmtiferðaskipum og 12 þúsund (2%) með ferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar.⁴ Gjaldeyristekjur af þessum ferðamönnum voru líklega 52-54 milljarðar króna, eða um 13% af gjaldeyristekjum Íslendinga árið 2007. Þar af voru



Aldeyjarfoss, efst í Bárðardal.

L jósmýnd: RG

36-38 milljarðar (um 70%) vegna útgjalda ferðamanna innanlands en 16-18 milljarðar (um 30%) vegna fargjalda.

Samkvæmt könnunum gistu þeir 230 þúsund erlendu ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða ferju sumarið 2007 að jafnaði 10 nætur hér á landi. Um 240 þúsund ferðamenn komu á öðrum tímum ársins og gistu hér um 5 nætur að jafnaði. Þannig má áætla að erlendir ferðamenn hafi dvalið um 3,5 milljónir náttu hérlandis árið 2007, þar af um 2,3 milljónir náttu yfir sumarmánuðina þrjá en 1,2 milljónir náttu á öðrum tímum ársins. Miðað við 37 milljarða útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2007 voru meðalútgjöld þeirra um 11.000 þúsund krónur á hverja gistinótt.

Flest bendir til að ferðamönnum til Íslands muni halda áfram að fjölga að jafnaði um 6-8% á ári svo langt sem séð verður, komi ekkert óvænt uppá. Mikil aukning í framboði á flugsætum til Íslands á síðastliðnum 2-3 árum rennir enn frekari stoðum undir þá þróun. Munar þar mestu um tilkomu Iceland Express, en einnig aukið sætaframboð Icelandair, áætlunarflug SAS til Íslands o.fl. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um enn frekara sætaframboð til Íslands árið 2007, bæði hjá Iceland Express og Icelandair.

2.2 Innlendir ferðamenn 2005

Kannanir RRF benda til að nálægt 85% Íslendinga hafi að jafnaði dvalið 15-18 nætur á ferðalögum innanlands árið 2005, alls 4,0 til 4,6 milljónir gistinátta (orlof, heimsóknir, vinna, íþróttir o.s.frv.). Eru þá öll form gistingar meðtalin, s.s. gisting hjá vinum og

⁴. Í opinberum tölum eru gestir með skemmtiferðaskipum oftast nefndir utan við fjölda erlendra ferðamanna sem hingað leggja leið sína með flugi eða ferju. Ástæðan er sú að þessir ferðamenn gista í flestum tilvikum um borð í skipunum og eyða í þeim skilningi ekki gistinótt á Íslandi.

kunningjum, í eigin sumarhúsum eða orlofshúsum stéttarféлага.⁵ Samkvæmt því má telja líklegt að gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands hafi vart verið undir 4,5 milljónum árið 2007. Kannanir benda til stöðugar aukningar í gistingum Íslendinga á ferðalögum innanlands hin síðari ár. Munar þar mestu um mikla fjölgun sumarhúsa og lengri meðaldvöl fólks í þeim. Þannig benda kannanir RRF til að rúmlega fjórðungur af gistinóttum Íslendinga hafi verið í eigin sumarhúsi árið 2005, allt að 1,2 milljónir náttu. Sömuleiðis hefur stóraukin jeppa-, húsbíla- og fellihýsaeign talsvert að segja, sem og vegabætur.

Kannanir RRF benda einnig til þess að meðalútgjöld Íslendinga á ferðum innanlands hafi að jafnaði verið a.m.k 4 þúsund krónur á mann á gistinótt árið 2005, eða alls 16-18 milljarðar.⁶ Þess utan námu heildarútgjöld Íslendinga í dagsferðum utan hversdagsum-



Ferðamenn í Ásbyrgi.

Ljósmynd: RG

hverfis líklega a.m.k. 3-4 milljörðum króna á því ári. Þannig er áætlað að heildarútgjöld Íslendinga á ferðum innanlands hafi verið um eða yfir 20 milljarðar árið 2005. Samkvæmt ofansögðu má telja líklegt að útgjöld innlendra ferðamanna á Íslandi árið 2007 hafi verið 22-25 milljarðar króna.

⁵. Í könnun Hagstofunnar, „Ferðavenjur Íslendinga 1996“, voru gistinætur Íslendinga 0-74 ára á ferðum innanlands það ár áætlaðar um 3,3 milljónir talsins. Þar voru ekki meðtaldar gistinætur fólks eldra en 74 ára. Þannig má lauslega áætla að gistinætur allra Íslendinga á ferðum innanlands hafi verið nálægt 3,5 milljónum árið 1996. Hin hefðbundna gistináttatalning Hagstofunnar nær hins vegar ekki yfir nema brot af öllum gistinóttum Íslendinga á ferð um landið, m.a. sökum þess hve stór hluti þeirra er í eigin sumarhúsum eða hjá vinum og kunningjum.


⁶. Dagleg útgjöld Íslendinga geta verið mjög breytileg. T.d. mun lægri en meðaltalið (4.000 kr á mann á dag) meðal fólks í eigin sumarhúsum en oft tvöfalt eða jafnvel þrefalt hærri meðal fólks sem kaupir gistingu og er mikið á ferðinni.

2.3 Að öllu samanlögðu

Alls eru gistinætur erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi áætlaðar um 8 milljónir árið 2007, 4,5 milljónir meðal Íslendinga og 3,5 meðal erlendra ferðamanna. Bein útgjöld þeirra á ferðalögum innanlands eru áætluð nálægt 60 millörðum króna, séu dagsferðir Íslendinga meðtaldar.

3.0 Innlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

3.1 Fjöldi gesta, heimsóknna og gistinguátta 2001-2005




Við Öskjuvatn.

Ljósmynd: RG

Samkvæmt könnunum RRF komu 32% Íslendinga í Þingeyjarsýslur árið 2001, 33% árið 2002, 36% árið 2003, 34% 2004 og 35% 2005. Þessi munur er ekki marktækur. 14-16% Íslendinga í könnununum gistu í Þingeyjarsýslum.

1. mynd

Hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur 2001-2005




Af þeim gestum sem komu í Þingeyjarsýslur á árunum 2001 til 2005 gistu því 40-47%. Það þýðir að 53-60% innlendra gesta fóru um svæðið án þess að gista, hlutfallslega flestir árið 2005.

Samkvæmt könnununum RRF fjölgaði Íslendingum verulega sem lögðu leið sína um norðausturhluta svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði, úr rúmlega 6% árið 2001 í um 10%

árið 2005. Miðað við það fóru 29% Íslendinga sem heimsóttu Þingeyjarsýslur árið 2005 eitthvað um norðausturhlutann árið 2005 en hlutfallið var 20% árið 2001.

2. mynd

Hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur og á svæðið frá Kópaskeri að Bakkafirði 2001-2005



Samkvæmt þessum niðurstöðum má m.a. áætla að um 95 þúsund innlendir ferðamenn hafi komið í Þingeyjarsýslur árið 2005 og um 27 þúsund af þeim hafi farið eitthvað um norðausturhluta svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði.⁷

Margir koma oftar en einu sinni á ári í Þingeyjarsýslur (gegnumakstur meðtalinn). Þeir sem komu í Þingeyjarsýslur árið 2001 komu þar að jafnaði í 2,6 skipti árið, árið 2002 í 3,2 skipti og árið 2003 að jafnaði í 3,4 skipti. Viðmælendur komu að jafnaði í 1,2-1,3 skipti á norðausturhluta svæðisins hvert þessara ára. Ekki var spurt um tíðni heimsóknna árin 2004 og 2005.

Þeir sem gistu í Þingeyjarsýslum dvöldu þar að jafnaði í 5,1 nótt árið 2001, 4,6 nætur árið 2002 og 5,8 nætur árið 2003, 4,8 nætur árið 2004 og 4,5 nætur árið 2005. Því má áætla að gistinætur Íslendinga í Þingeyjarsýslum hafi verið um 184 þúsund árið 2001, um 193 þúsund árið 2002, 224 þúsund árið 2003, 201 þúsund árið 2004 og 177 þúsund árið 2005. Hér bætast svo við gistinætur á hálendi Þingeyjarsýslna, einkum í Herðubreiðarlindum, við Öskju, í skálum og á víðavangi (húsbílar, fellihýsi). Þær gistinætur eru þó tæplega fleiri en 10 þúsund á ári.⁸

Í næstu töflu er fjöldi innlendra gesta og heimsóknir þeirra í Þingeyjarsýslur og á norðaustursvæðið áætlaður og einnig fjöldi gistinátta þeirra í Þingeyjarsýslum 2001 til 2005.

⁷. Niðurstöðurnar eru yfirfærðar á 260 til 270 þúsund Íslendinga (260 þúsund 2001 en 270 þúsund 2005) til að forðast ofátælanir. Ekki er raunhæft að miða niðurstöðurnar við alla Íslendinga þar sem allstór hópur eldra fólks á ekki heimangengt sökum krankleika og börn ferðast að jafnaði heldur minna en fullorðnir.

⁸. Það eru líkur á því að gistinæturnar árið 2003 séu í efri vikmörkum, þ.e. allt að því 10% umfram það sem í raun var. Nærtækasta skýringin er sú að óvenjumargir langdvalargestir hafi tekið þátt í könnuninni – nokkuð umfram raunhlutfall slíkra gesta í Þingeyjarsýslum.

Það ber að ítreka að fráviksmörk í þessum áætlunum eru umtalsverð, a.m.k. +/- 10%.

3. tafla

Íslendingar í Þingeyjarsýslum 2001-2005

áætlaður fjöldi gesta, heimsóknna og gistinátta

	% skv könnun	Fjöldi gesta	Skipti	Heildarfjöldi heimsóknna
Fjöldi gesta og heimsóknna				
Þingeyjarsýslur 2001	32,2	84.000	2,6	215.000
Þingeyjarsýslur 2002	34,4	90.000	3,2	284.000
Þingeyjarsýslur 2003	35,8	94.000	3,4	316.000
Þingeyjarsýslur 2004	34,2	91.000	Ekki spurt	
Þingeyjarsýslur 2005	35,2	95.000	Ekki spurt	
NA - svæðið 2001	6,3	16.000	1,2	19.000
NA - svæðið 2002	7,4	19.000	1,2	23.000
NA - svæðið 2003	7,8	20.000	1,3	26.000
NA - svæðið 2004	8,4	22.000	Ekki spurt	
NA - svæðið 2005	10,0	27.000	Ekki spurt	
	% skv könnun	Fjöldi gesta	Nætur	Heildarfjöldi nátta
Gistinætur				
Þingeyjarsýslur 2001	14,0	36.000	5,1	184.000
Þingeyjarsýslur 2002	16,1	42.000	4,6	193.000
Þingeyjarsýslur 2003	15,5	40.000	5,6	224.000
Þingeyjarsýslur 2004	15,8	42.000	4,8	201.000
Þingeyjarsýslur 2005	14,1	39.000	4,5	177.000

Hér að framan var áætlað að gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands hefðu verið a.m.k. 4 milljónir talsins árið 2005, og þá eru m.a. gistingar í eigin sumarhúsi og hjá vinum meðtaldar. Miðað við það voru gistinætur Íslendinga í Þingeyjarsýslum nær 5% af öllum gistinóttum Íslendinga á ferðum innanlands árið 2005.




Ferðamenn við Goðafoss.

Ljósmynd: RG

Á næstu mynd má síðan sjá hlutfall ferðamanna í Þingeyjarsýslur og að 10 stöðum þar á árabílinu 2001 til 2005.⁹

3. mynd

Hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur og á staði þar 2001-2005



Endur á bökkum Laxár í Aðaldal.


Ljósmynd: RG

⁹. Ekki var spurt um komur Íslendinga að Ásbyrgi fyrr en árið 2002 og að Goðafossi árið 2003. Þá var ekki spurt um komur að Öskju stöðugt öll þessi ár eins og sjá má á 3. mynd.

3.2 Nánar um innenda gesti 2005

Næsta mynd sýnir hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur og að 10 stöðum þar árið 2005. Auk þess er sýnt hlutfall þeirra sem gistu í Þingeyjarsýslum, Mývatnssveit, Húsavík og Ásbyrgi og meðalfjöldi gistinátta þeirra á þessum stöðum.

4. mynd Hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur og staði þar árið 2005 - og um gistinætur



Samkvæmt þessu má áætla að um 95 þúsund Íslendingar hafi haft einhverja viðkomu í Þingeyjarsýslum árið 2005, um 62 þúsund í Mývatnssveit, 52 þúsund á Húsavík, 33 þúsund hafi skoðað Goðafoss og að 30 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína í Ásbyrgi.¹⁰ Þá hafi um 22 þúsund landsmenn skoðað Dettifoss árið 2005, en 10-14 þúsund komið í hvert af þorpunum á norðaustur svæðinu; Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafjörður. Jafnframt er áætlað að um 8 þúsund Íslendingar hafi komið að Öskju árið 2005.¹¹

¹⁰. Hér er reiknað út frá 270 þúsund Íslendingum til að forðast ofúætlánir, þar sem fólk yfir 78 ára aldri tók ekki þátt í þeim og ferðast að jafnaði talsvert minna en þeir sem yngri eru. Jafnframt eru íbúar í Þingeyjarsýslum ekki meðtaldir.

¹¹. Í könnuninni 2005 var ekki spurt um tíðni heimsóknna fólks í Þingeyjarsýslur eða að einstökum stöðum þar eins og gert var í könnunum frá 2001 til 2003.

4. tafla **Áætlaður fjöldi Íslendinga í Þingeyjarsýslur og á staði þar árið 2005**

	Fjöldi
Í Þingeyjasýslur	95.000
Mývatnssveit	62.000
Húsavík	52.000
Goðafoss	32.000
Ásbyrgi	30.000
Dettifoss	22.000
Kópasker	14.000
Þórshöfn	13.000
Raufarhöfn	11.000
Bakkafjörður	10.000
Askja	8.000

Næsta tafla sýnir nánar viðkomustaði Íslendinga í Þingeyjarsýslum eftir kyni, aldurshópum og búsetu (íbúar suðvesturhorn og landsbyggðar) árið 2005. Þar má sjá að miðaldra fólk, 36-55 ára, kom meira á marga staði í Þingeyjarsýslum en fólk í öðrum aldurshópum. Fólk af landsbyggðinni kom hlutfallslega mun meira á staðina en íbúar á suðvesturhorninu, nema að Öskju.


5. tafla **Viðkomustaðir Íslendinga í Þingeyjarsýslum árið 2005 eftir kyni, aldurshópum og búsetu**

%	Kona	Karl	16-35	36-55	> 55 ára	SV-hornið	Landsbyggð
Mývatnssveit	22	24	18	27	22	18	34
Húsavík	16	21	18	19	18	15	26
Goðafoss	12	13	12	14	10	10	18
Ásbyrgi	10	13	10	13	8	9	16
Dettifoss	9	7	9	9	4	6	11
Kópasker	5	4	5	5	4	4	6
Þórshöfn	5	5	5	6	5	4	8
Raufarhöfn	4	4	4	4	4	3	5
Bakkafjörður	5	3	4	3	5	3	6
Askja	3	3	3	3	2	3	3

Næsta mynd sýnir hlutfall næturgesta og dagsgesta í Þingeyjarsýslum árið 2005 eftir kyni, aldurshópum og búsetu. Karlar komu þangað heldur meira en konur og fólk á miðjum aldri heldur meira en fólk í öðrum aldurshópum. Fólk yfir 55 ára gisti þó hlutfallslega mest. Þá kom landsbyggðarfólk þangað mun fremur en íbúar af suðvesturhorninu, sem skýrist mest af háu hlutfalli gesta úr Eyjafirði og af Austurlandi. Eyfirðingar gistu þar hlutfallslega mest.

5. mynd

**Hlutfall Íslendinga í Þingeyjarsýslur árið 2005
eftir kyni, aldurshópum og búsetu ¹²**



Þjóðgarðsmiðstöðin „Gljúfrastofa“ við Ásbyrgi í Kelduhverfi.

Ljósmynd: RG

¹². Þeir íbúar á Norðurlandi eystra sem hér er átt við eru Eyfirðingar. Allir Þingeyingar eru skilgreindir sem heimamenn og því ekki taldir með.


4.0 Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

4.1 Þróunin 2003-2007

Samkvæmt könnunum RRF komu 50-55% erlendra ferðamanna eitthvað í Þingeyjarsýslur sumrin 2003 til 2007. Af þeim gistu 35-41% en 12-16% voru dagsferðamenn.

6. mynd

**Hlutfall erlendra ferðamanna með flugi og ferju
í Þingeyjarsýslur sumrin 2003-2007**
næturgestir og dagsgestir



Frá og með ársbyrjun 2004 hefur RRF stöðugt framkvæmt kannanir meðal erlendra brottfararferðamanna. Frá þeim tíma er því m.a. hægt að áætla komur erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslur. Miðað við þær niðurstöður hefur ferðamönnum sem þangað leggja leið sína utan sumartíma fjölgað hægt og rólega. Þannig benda kannanir RRF til að rúmlega 7% erlendra ferðamanna til Íslands utan sumarmánuðanna þrígga hafi lagt þangað leið sína árið 2004 en um 10% gesta utan sumartíma árið 2007.¹³




Á Mývatnsöræfu, í nágrenni Herðubreiðar.

Ljósmynd: RG

¹³. Árið 2004 komu um 362 þúsund erlendir ferðamenn til landisins með flugi eða ferju en árið 2007 voru þeir um 470 þúsund og fjölgaði því um 30% á þrígga ára tímabili.

Jafnframt gera kannanir RRF það mögulegt að áætla að 111 þúsund erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju árið 2004 hafi komið í Þingeyjarsýslur en 139 þúsund erlendir ferðamenn árið 2007.


7. mynd **Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna með flugi og ferju í Þingeyjarsýslur - sumar og utan sumars 2004 til 2007**



Hér við bætast svo gestir með skemmtiferðaskipum, líklega nálægt 30 þúsund sumarið 2007. Alls komu 45-50 þúsund farþegar með skemmtiferðaskipum til Akureyrar sumarið 2007 og má gera ráð fyrir að um 2/3 hlutar þeirra hafi farið í dagferð Þingeyjarsýslur. Alls komu því líklega um 170 þúsund erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslur árið 2007.

Þá er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum hafi fjölgað úr 186 þúsund árið 2004 í 237 þúsund nætur árið 2007. Þar af hafi gistinóttum að sumarlagi fjölgað úr 170 í 210 þúsund (þar af um 20 þúsund á hálendi Þingeyjarsýslna) en gistinóttum utan sumars úr 16 þúsund í 27 þúsund.

8. mynd **Áætlaður fjöldi erlendra gistinguátta í Þingeyjarsýslum sumar og utan sumars 2004 til 2007**



Lauslega má áætlað að 80-85 þúsund erlendir næturgestir standi á bak við þessar 210 þúsund nætur í Þingeyjarsýslum sumarið 2007, en þar af má áætla gistinguætur á hálendi Þingeyjarsýslna um 20 þúsund. Það gera um 9% af öllum gistinguóttum erlendra sumarferðamanna Íslandi 2007.


Áætlað er að um 23 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Þingeyjarsýslur utan sumars árið 2007 (jan.-maí og sept.-des.), þ.e. 10% af ferðamönnum til landsins á því tímabili. Þar af hafi 14 þúsund manns gisti í nálægt 30 þúsund nætur (um 2,1 nótt að jafnaði) sem gerir um 2,5% af öllum gistinguertum erlendra ferðamanna á Íslandi þessa mánuði.

Alls gera þetta 237 þúsund nætur í Þingeyjarsýslum árið 2007, eða um 7% af öllum gistinguertum erlendra ferðamanna á Íslandi það ár.

Samkvæmt 8. mynd fjölgaði því gistinguertum erlendra sumargesta í Þingeyjarsýslum um 23% frá 2004 til 2007. Gistinguertum erlendra ferðamanna utan sumartíma fjölgaði hins vegar um nálægt 60% á sama árabili.

Á árunum 2003 til 2007 hefur orðið fremur lítil breyting á hlutfalli erlendra sumarferðamanna í Þingeyjarsýslur eða að stöðum þar, eins og sjá má á næstu mynd. Ljóst virðist þó að svæðið hefur ekki aukið sinn kerf hlutfallslega frá árinu 2003, heldur stendur í stað eða gefur lítillaga eftir. Það er því mikil vinna framundan við að auka vægi Þingeyjarsýslna í íslenskri ferðaþjónustu.


9. mynd Hlutfall erlendra ferðamanna á staði í Þingeyjarsýslum sumrin 2003-2007



4.2 Fjöldi gesta og gistinguáttanna 2007

Á næstu mynd má sjá hlutfall erlendra ferðamanna sem lögðu leið sína í Þingeyjarsýslur eftir mánuðum ársins 2007. Yfir helmingur ferðamanna í júlí og ágúst komu þangað, nær 40% ferðamanna í júní og ríflega fjórðungur ferðamanna sem komu til Íslands í september. Þá komu um 14% ferðamanna í maí í Þingeyjarsýslur, 6% gesta í apríl og október en einungis 1-3% ferðamanna í janúar, febrúar, mars, nóvember og desember. Að jafnaði gista 55-70% komugesta í Þingeyjarsýslum en 30-45% eru dagsgestir.

10. mynd Hlutfall erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslur eftir mánuðum árið 2007




Afar fjölbreytt plöntulíf er í Þingeyjarsýslum.

Ljósmynd: RG

Samkvæmt könnun RRF komu 69% ferðamanna frá Suður-Evrópu (mest Frakkar og Ítalir) og Benelux löndunum (mest Hollendingar) í Þingeyjarsýslur sumarið 2007 og 65% ferðamanna frá Mið-Evrópu (mest Þjóðverjar en einnig Svisslendingar). Hins vegar komu þangað einungis 24-30% ferðamanna frá Bretlandseyjum, Norðurlöndunum og Norður-Ameríku.

11. mynd Hlutfall erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslur sumarið 2007 eftir aldri, kyni, búsetu og ferðamáta



Komið úr Flateyjardal.

Ljósmynd: RG

Á næstu töflu má sjá áætlun um fjölda komugesta og næturgesta í Þingeyjarsýslur sumarið 2007, eftir markaðssvæðum. Jafnframt er þar áætlun um gistinætur fólks eftir markaðssvæðum. Þar sést að ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu standa fyrir um helmingnum af erlendum gistinóttum í Þingeyjarsýslum og eru því afar mikilvægir

markhópar. Hins vegar eru gistinætur ferðamanna frá Norður-Ameríku einungis 5% af gistinóttunum sumarið 2007 og 8% þeirra eru vegna Norðurlandabúa.


6. tafla Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna eftir markaðssvæðum og gistinætur þeirra í Þingeyjarsýslum sumarið 2007

	Komugestir	Næturgestir	Gistinætur
Norðurlönd	12.000	7.000	16.000
Mið-Evrópa	29.000	18.000	46.000
Benelux lönd	8.000	6.000	14.000
Bretlandseyjar	10.000	7.000	17.000
Suður-Evrópa	26.000	20.000	47.000
Norður-Ameríka	8.000	5.000	10.000
Annað	23.000	18.000	40.000
Alls	116.000	81.000	190.000

Á næstu mynd er áætlun um fjölda erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum og á staði þar að sumarlagi og utan sumars 2007. Þannig er áætlað að 122 þúsund erlendir ferðamenn sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi komið í Mývatnssveit árið 2007. Þá er áætlað að 95 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið að Dettifossi, 96 þúsund á Húsavík, 53 þúsund í Ásbyrgi, 20 þúsund að Öskju og 6-9 þúsund hafi heimsótt þéttbýlisstaðina á norðausturhorninu.

Að Mývatni má svo bæta við farþegum með skemmtiferðaskipum, s.s. 20-30 þúsund manns, og einnig umtalsverðum fjölda slíkra gesta til Húsavíkur og í Ásbyrgi.

12. mynd Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna með flugi eða ferju í Þingeyjarsýslur og á staði þar árið 2007



7. tafla sýnir hlutfall erlendra ferðamanna sem heimsóttu Þingeyjarsýslur og staði þar að sumarlagi 2007, eftir kyni, aldurshópum, búsetu (markaðssvæðum) og ferðamáta. Fyrir utan mikinn mun á komum fólks á ýmsa staði eftir búsetu þeirra þá vekur athygli hve víða farþegar með Norrænu fara. Þannig komu t.d. 45% þeirra í Ásbyrgi og 14-20% á Þórshöfn, Kópasker, Raufarhöfn eða Bakkafjörð, auk þess sem 19% fóru að Öskju.

7. tafla Viðkomustaðir erlendra ferðamanna á í Þingeyjarsýslum sumarið 2007 eftir kyni, aldurshópum, búsetu og ferðamáta

%	KYN		ALDUR			BÚSETA								FERÐAMÁTI			
	Kona	Karl	16-35	36-55	>55 ár	N-lönd	Mið-Evr	Bene-lux	Bret-land	S-Evr	N-Am	Ann-að	Eigin vegum	Hóp ferð	Flug	Norr-æna	
Í Þingeyjarsýslur	50	51	45	50	58	24	65	69	30	69	25	57	48	55	48	100	
Gist Þingeyjars.	35	35	36	35	35	14	40	54	22	52	14	44	36	33	32	81	
Mývatnssveit	44	44	41	45	48	21	57	64	25	63	16	48	43	46	41	87	
Dettifoss	36	37	33	39	37	16	47	52	24	55	10	45	36	38	34	68	
Húsavík	37	35	32	38	38	17	47	39	23	46	15	35	33	38	34	70	
Ásbyrgi	21	21	20	22	18	7	31	29	15	29	5	28	21	19	20	45	
Askja	8	8	8	9	7	1	12	13	2	13	1	6	7	10	7	19	
Kópasker	3	3	3	4	1	1	3	5	1	4	1	3	4	1	2	20	
Þórshöfn	3	3	3	3	2	1	3	4	1	4	1	2	3	2	2	21	
Raufarhöfn	3	3	4	3	3	1	4	5	2	4	0	3	3	3	2	16	
Bakkafjörður	3	1	3	2	2	1	2	4	1	3	1	2	3	1	2	14	



Í rekaviðarjöru á Melrakkaslétu.


Ljósmynd: RG

Næsta mynd sýnir hlutfall erlendra ferðamanna sem heimsóttu Þingeyjarsýslur og staði þar sumarlagi og utan sumars 2007. Flestir komu að Mývatni og síðan að Húsavík.

Um 6% sumarferðamanna lögðu leið sína um norðausturhorn svæðisins, frá Kópaskeri að Bakkafirði en um 1% ferðamanna utan sumartíma. Þannig má áætla að um 14 þúsund

erlendir ferðamenn hafi lagt þangað leið sína sumarið 2007 og um 2 þúsund manns utan sumars; alls um 16 þúsund erlendir ferðamenn.

13. mynd Hlutfall erlendra ferðamanna á staði í Þingeyjarsýslum að sumri og utan sumars 2007



Súlubýggð á Langanesi.

Ljósmynd: Frank Bradford

5.0 Ímynd Norðurlands 2006 - Þingeyjarsýslur

Þessi kafli byggir á niðurstöðum úr spurningum sem RRF framkvæmdi fyrir matvæla- og ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar meðal erlendra ferðamanna í Leifsstöð sumarið 2006. Þar var m.a. spurt um ímynd Norðurlands og komu þar fram áhugaverðar niðurstöður er varða Þingeyjarsýslur og ferðaþjónustu þar sem vert er að vekja athygli á.


5.1 Efst í huga varðandi Norðurland

Þeir sem höfðu heimsótt Norðurland voru spurðir hvað þeim væri efst í huga varðandi Norðurland. 87% þeirra svöruðu spurningunni, eða 410 einstaklingar. Flestir þeirra nefndu hvali en síðan Mývatn, náttúruna, Akureyri, firði/flóa, eldfjöll/hraun og fjöll. Þá nefndu þó nokkrir að Norðurland væri fallegt svæði, Dettifoss, fugla, kulda, Húsavík, friðsæld, gott veður, vatnsföll og vingjarnlegt fólk. ¹⁴ Svo sem sjá má trónar Þingeyjarsýslur á toppnum með hvali og Mývatn, en allt er varðar sýsluna er litað í ljósbláu.

14. mynd

Efst í huga varðandi Norðurland

erlendir ferðamenn sem höfðu komið í landshlutann



¹⁴. Ýmiss konar náttúrufyrirbrigði á Norðurlandi eru ofarlega í hugum erlendra ferðamanna þó einungis 17% nefni náttúru svæðisins í víðum skilningi. Því má segja að náttúra Norðurlands og ýmis náttúrufyrirbrigði þar séu í raun efst í hugum erlendra ferðamanna þegar allt er lagt saman.

Það er mjög athyglisverð niðurstaða að hvalir séu nú ofar í hugum erlendra sumargesta en Mývatn þegar þeir hugsa til Norðurlands og ótvírætt saga til næsta bæjar. Skýringin á þessu viðhorfi er að öllum líkindum markviss og fagleg uppbygging hvalaskoðunarferða og hvalamiðstöðvar á Húsavík. Þannig náði Húsavík því að verða miðstöð hvalaskoðunar á Íslandi á innan við áratug og hefur þar fest sig í sessi þó að staðurinn sé í meira en 500 km fjarlægð frá Leifsstöð, helsta innkomustað erlendra ferðamanna á Íslandi.



Ferðamenn á lífflegum hvalaskoðunardegi á Skjálfandaflóa sumarið 2006.

Ljósmynd: RG

Auk þess nefndu 3-5 svarendur eftirtalið sem þeim var efst í huga varðandi Norðurland: Slæmir vegir, strjálbýlt víða, uppblástur, miklar fjarlægðir, eyðimörk, ströndin, Nonnasafn, villt, ósnortið, Arctic hringurinn, Siglufjörður, þoka, Ásbyrgi, grænt, laxveiði.

Þá nefndu 1-2 svarendur eftirtalið sem þeim var efst í huga:

Litadýrð, rigning, útsýnisferð, þjóðgarður, ísbirnir, textílsafnið á Blönduósi, Blanda, vondur matur, lömb, fáir gististaðir, Síldarminjasafnið á Siglufirði, mosi, Grímsey, óvinsamlegt fólk, hreint vatn, fallett útsýni, bændabýli, sjórinn, færri ferðamenn, norðurljós, dalir, afslappandi.

5.2 Eftirminnilegustu staðir á Norðurlandi



Á bökkum Mývatns.


Ljósmynd: RG

Spurt var hvaða staðir eða svæði á Norðurlandi hefðu verið eftirminnilegastir. Var fólk beðið um að nefna allt að þrjá staði og raða þeim eftir mikilvægi frá einum og upp í þrjá (1, 2, 3) - þar sem einn þýddi að sá staður var sá eftirminnilegasti á Norðurlandi, o.s.frv. 89% þeirra sem höfðu komið á Norðurland svöruðu spurningunni, eða 419 einstaklingar.

Flestum þótti Mývatn vera eftirminnilegasti staðurinn á Norðurlandi, síðan Akureyri og þá Húsavík. Dettifoss var í fjórða sæti en síðan komu Krafla og Ásbyrgi.

15. mynd Eftirminnilegustu staðir á Norðurlandi - mikilvægi meðtalið

erlendir ferðamenn sem höfðu komið í landshlutann



2-4% af erlendum sumargestum á Norðurlandi settu eftirtalda staði á topp þrjá sem þá eftirminnlegustu í landshlutanum: Eyjafjörð, Hóla í Hjaltadal, Goðafoss, Dimmuborgir, Vatnsnes, Jökulsárgljúfur/Jökulsá á Fjöllum, Siglufjörð, Grímsey, Öskju, Raufarhöfn og Hvammstanga.

Þetta sést betur á næstu mynd þar sem sýnt er hlutfall þeirra sem nefndu ákveðna staði á Norðurlandi í 2% tilvika eða meira, án tillits til mikilvægis.



Við Dettifoss.


Ljósmynd: RG

Þessi forgangsróðun sýnir ótvírætt mjög mikinn styrkleika ferðaþjónustu í Þingeyjar-sýslum og ýmis tækifæri til framtíðaruppbyggingar í þeirri atvinnugrein.

16. mynd

Eftirminnlegustu staðir á Norðurlandi

erlendir ferðamenn sem höfðu komið í landshlutann



Eftirtaldir staðir á Norðurlandi komust síðan inn á „topp þrjá“ í 1-4 skipti:


Drangey, Hvammstangi, Tjörnes, Hópið, Grenivík, Glaumbær, Skagafjörður, Blönduós, Melrakkaslétta, Lofthellir, Námaskarð, Dalvík, Laufás, Reykjahlíð, Sauðárkrókur, Hrísey, Fnjóskadalur, Kjölur, Varmahlíð, Hveravellir, Aldeyjarfoss og Þórshöfn.

5.3 Best á Norðurlandi

Þeir sem höfðu verið á Norðurlandi voru einnig spurðir hvað þeim hefði þótt best við heimsóknina þangað. 89% svöruðu spurningunni, eða 414 manns.

Áberandi flestir nefndu að náttúran/landslagið hefði verið það besta við Norðurland en síðan kom hvalaskoðun, Mývatn, eldfjöll/hraun, vingjarnlegt fólk, gott veður og Dettifoss. Þó nokkrir nefndu síðan Jarðböðin við Mývatn, fuglalíf, hesta, góðan mat, friðsæld, vatnsföll og Kröflu sem það besta við heimsóknina á Norðurland.¹⁵ Allir þættir sem varða alfarið eða einkum Þingeyjarsýslur eru í ljósbláu.

17. mynd



1-4 svarendur nefndu eftirtalið sem það besta við heimsóknina á Norðurland:

Góð hótél, hverir, villt dýralíf, fjöll, lundar, sjórinn, Goðafoss, Dalvík, ströndin, afþreying við Mývatn, jarðmyndanir, ósnortið land, blóm, hjólaferð umhverfis Mývatn, útsýnið, skruðgarðurinn á Akureyri, veiði, sundlaugin á Akureyri, góðir vegir (en mjóir), selir, tjaldstæðin, fiskidagurinn á Dalvík, Leirhnjúkur, hreint loft, svartur sandur, lítil mengun, fallegar byggingar, andstæðurnar, söfnin á Akureyri, nálægðin við Norðurheimskautið, Grímsey, góðar gönguleiðir, hvalamiðstöðin á Húsavík, Námaskarð, hæfilega margir ferðamenn, Jólahúsið, gistingin á Öngulsstöðum, birtan, góðar merkingar.

¹⁵. 40% þeirra sem svöruðu spurningunni nefndu tvennt sem þeim líkaði vel og 17% nefndu þrennt.

5.4 Verst á Norðurlandi



Mýflugurnar geta verið hvítleiðar - en til er vörn við þeim.


Ljósmynd: RG

Einungis 38% þeirra sem höfðu verið á Norðurlandi, eða 198 einstaklingar, nefndu hvað þeim hefði þótt verst við heimsóknina á Norðurlandi. Flestir þeirra nefndu að veðrið hefði verið leiðinlegt en því næst komu slæmir vegir og hátt verðlag, mýflugur (væntanlega helst við Mývatn) og veitingar (slök þjónusta eða ekki nægilega góður matur).

18. mynd

Verst á Norðurlandi

ferðamenn sem höfðu komið í landshlutann



1-4 svarendur nefndu eftirtalið sem það versta við heimsóknina á Norðurland:

Þjónustan á Blönduósi, hvalkjöt í boði, lítið/ekkert um hvali í hvalaskoðunarferð, langar vegalengdir, dýrt eldsneyti, þjónustan í Varmahlíð, of margir ferðamenn, slæmur vegur að Dettifossi, slæg þjónusta á hótélum, lélegar merkingar víða á hálendinu, salernin ekki alls staðar hrein, illa skipulögð ferð, vindur, slæmt viðmót, þjónustan á Mývatni, vantar mat fyrir grænmetisætur, vantar aðstöðu til fuglaskoðunar, vantar affallstanka á tjaldstæðum, þjónustan á Akureyri, umferðarmenningin á Akureyri, sandstormur við Mývatn, of fá útskot við vegi, skortir upplýsingar á skandinavísku, tjaldstæðið í Ásbyrgi, lítil gæði á farfuglaheimili, drasl í fjörum, slök tjaldstæði.